


Auður Dagný Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi

Fossvallarétt í Kópavogi

Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir nýrri Fossvallarétt á nýjum stað

Fyrir hönd Fjáreigendafélags Reykjavíkur, kt. 480870-0349, óskar undirritaður eftir framkvæmdaleyfi fyrir því að hefja byggingu á nýrri lögrétt innan afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna, nú Kópavogsbæjar, Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar, í landi Kópavogs.



Mynd 1 Staðsetning núverandi og nýrrar réttar á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024. Ath Miðdalsheiði er rangt staðsett á kortinu, hún er norðar og innan markar Mosfellsbæjar.

Fossvallarétt er í dag staðsett sunnan við gamla Suðurlandsveg, merkt með rauðum hring á mynd 1. Ný staðsetning fyrir réttina er norðan við núverandi Suðurlandsveg, merkt með grænum hring. Ástæða þess að flytja þarf réttina er að féð er á beit norðan við Suðurlandsveg í sameiginlegum afrétti fyrir Reykjavík, Kópavog og Seltjarnarness hins forna á þjóðlendu. Það er fyrir löngu orðið of flókið að reka féð yfir Suðurlandsveg og er ekki gert nema honum sé lokað á meðan á því stendur, sem er ekki ásættanleg staða. Í bréfi Forsætisráðuneytisins til Kópavogsbæjar 12. nóvember 2014 kemur fram samþykki á staðsetningu nýrrar réttar norðan Suðurlandsvegar, á þjóðlendunni.

Ástæða staðarvals er að réttin þarf að vera norðan Suðurlandsvegar innan þjóðlendunnar og þarna er eina vegtengingin inn á afréttinn norðan Suðurlandsvegar. Réttin þarf að vera fyrir utan helgunarsvæði háspennulínu 220kV og utan við línuslóða sem liggur í gegnum hraunsvæðið. Einnig þarf að vera 50 metra frá Nyrðri-Fossvallaá. Staðsetningin er á nútímahrauni sem er þegar talsvert raskað en það fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og yrði nánari staðsetning að vera í samráði við Umhverfisstofnun.

Í gildandi aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 er skipulagi frestað á þessu svæði en fjarsvæði vatnsverndar er í gildi. Um vatnsverndina gildir samþykkt nr. 555 frá 19. júní 2015 um verndarsvæði

vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Þar kemur fram í 39.gr. *Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar.*

44. gr. *Allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á fjarsvæðum skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Rekstraraðili áformaðrar framkvæmdar verður að sýna fram á að starfseminni verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar eða að framkvæmdin styðji við þá starfsemi sem fyrir er á svæðinu og að engin hættu sé á mengun grunnvatns vegna framkvæmdar eða reksturs. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast.*

47. gr. *Aðilar sem hug hafa á framkvæmdum eða rekstri á svæðinu skulu áður en sótt er um starfsleyfi til framkvæmda skila til heilbrigðisnefndar áhættumati er nær bæði til framkvæmda og reksturs.*

53. gr. *Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjárhald á svæðinu. Búfjárhald á fjarsvæðum skal uppfylla ákvæði samþykktar viðkomandi sveitarfélags um búfjárhald.*

Allar framkvæmdir verði í samráði við heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs.


Verið er að klára ferli um nýtt aðalskipulag Kópavogs 2019-2040. Þar sem skipulagi var áður frestað er svæðið, þar sem ný rétt er áætluð, flokkað sem óbyggt svæði (ÓB-2) og er áfram innan fjarsvæðis vatnsverndar. Núverandi rétt er í tillögu að nýju aðalskipulagi á svæði flokkuðu sem óbyggt svæði og innan öryggissvæðis vatnsverndar.

Ekkert annað skipulag er í gildi á eða í nágrenni við svæðið.



Mynd 2 Staðsetning nýrrar réttar. Suðurlandsvegur neðst á myndinni, slóði útfrá háspennulínuveg. Háspennulínur bleikar. Staðsetning réttar innan græna hringsins.

Aðkoma: aðkoma verður um 5 m breiddan veg, þar sem í dag er línuvegsslóði, útfrá háspennulínuvegi sem liggur út frá Suðurlandsvegi. Núverandi slóða þarf að lagfæra á um 200 metra kafla og byggja upp með útskotum til þess að flutningsbílar geti mæst.



Mynd 3 Málsett teikning af rétt og bílastæðum.


Réttin: Gert er ráð fyrir um 530 m² rétt með 13 metra radíus. Almennurinn er 80 m² með 5 metra radíus. Undir réttina þarf að vera malarpúði sem er um 750 m² og vestan við réttina er gert ráð fyrir bílastæði um 600 m², með um 800 m² malarpúða undir.

Rétt austan við réttina er skeifulaga skjólgarður sem verður græddur upp. Innrekstur verður úr safngirðingu sem nær suður að vörslugirðingu við Suðurlandsveg.

Gert er ráð fyrir að byggja réttina úr fúavörðu pallatimbri og máluð í lit sem fellur vel að umhverfinu. Útliti muni svipa í meginatriðum til Ölfusréttar í Reykjadal en Fossvallarétt verður þó minni.



Mynd 4 Frá opnun Ölfusréttar 2016



Mynd 5 Nánari hönnun nýrrar Fossvallaréttar

Frágangur: Gert er ráð fyrir að vanda til verka við að leggja út malarpúðann sem lagður er ofan á óhreift undirlag bæði fyrir réttina og bílastæðin. Það ætti því ekki að vera mikill frágangur eftir framkvæmdina. Þar sem staðsetning réttarinnar er á hrauni er ekki gert ráð fyrir að púðinn verði þykkri en 30-40 cm fyrir vegi og plön, en 50-60 cm þar sem réttin mun standa. M.a. til að auðvelda festingu á undirstöðum réttarinnar.

Framkvæmdartími: Gert er ráð fyrir að hefja jarðvinnuframkvæmdir nú á haustmánuðum 2021, fyrir frost.

Bygging-sjálfrar-réttarinnar-yrði síðan sumarið 2022. – Gera má ráð fyrir að bygging-réttarinnar-taki um 1 – 2 mánuði. Vonir standa til að hún verði tilbúin til notkunar haustið 2022.

Meðfylgjandi er hnitsett afstöðumynd í kvarða sem sýnir nánari staðsetningu framkvæmdar, stærð Fossvallaréttar og nánasta umhverfi.

F.h. Fjáreigendafélags Reykjavíkur.

F.h. Sauðfjáreigendafélags Kópavogs


Sveinbjörn Guðjohnsen

Sveinbjörn Guðjohnsen
Formaður


Sigurbjörn Þorbergsson
Starfandi formaður

Sigurbjörn Þorbergsson
Starfandi formaður